



4. – 6. bekkur

Kennslustundir í apríl hafa ekki verið margar en við höfum reynt að nýta þær vel 😊 Nemendur komu hressir og endurnærðir úr páskafríinu og skelltu sér beint í sundkennsluna.

Í maí fáum við þrjár vikur áður en vorþemað byrjar og ætlum við að nota þær vel til að klára nokkur verkefni en munum einnig beina athyglinni að landafræði og ensku, auk lesturs auðvitað. Í maí verður síðasta lesfimiþrófið og markmið hvers og eins er að gera betur núna heldur en í janúarfiminni.

Tónlist

Stefnt er á að halda vortónleika, miðvikudaginn 18. maí.

Hefjast tónleikarnir kl 17:00 og áætlaðir til 18:00.

Stífar æfingar verða fram að tónleikum og nokkuð um hópatríði.

Generalprufa verður kl. 13:00 sama dag og er þeim sem ekki geta mætt seinni partinn velkomið að koma þá. Látið Hjördísi vita ef þið hafið áhuga á því.

7. – 10. bekkur

Í byrjun apríl kom Silja fræðslufulltrúi lögreglunnar á Norðurlandi og fræddi nemendur um stafrænt ofbeldi og netöryggi, nemendur voru mjög áhugasamir og spurðu mikið.

Í apríl fengu nemendur nýtt samþættingarverkefni um Ástralíu og er mikil vinna í gangi þar. Bæði eru þeir að mála kort af landinu og fjalla um landið og dýrin í því.

Í næstu viku er svo dósasöfnun og talning.

Jákvæður agi

Þegar við gerum mistök er best að:

V – viðurkenna, ég gerði mistök

A – afsaka, ég biðst fyrirgefningar

L – leysa, getum við fundið lausn?

Sumarið

Nú hefur sumarið minnt á sig og flestir búnir að vekja hjólin úr vetrardvalanum. Munum að vekja hjálmana líka því við eigum bara einn haus og gott er að halda honum í lagi.

Munum eftir
hjálmunum